

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Rangárþingi ytra.

Rangárflatir 2-6, óveruleg breyting á deiliskipulagi.

Sveitarstjórn Rangárþings ytra samþykkti 13. ágúst 2025 tillögu að breytingu á deiliskipulagi fyrir Rangárflatir 2-6 sem birt var í B-deild Stjórnartíðinda 16. desember 2015, nr. 1116/2015. Gerð er breyting á skipulagsmörkum Suðurlandsvegar og að auki sett inn kvöð um legu jarðstrengs á Rangárflötum 2. Tillagan hefur hlotið skipulagsmeðferð í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

Hellu, 14. ágúst 2025.

F.h. Rangárþings ytra,
Birgir Haraldsson, skipulags- og byggingarfulltrúi.

B deild - Útgáfudagur: 28. ágúst 2025